



Tillögur stjórnar lagðar fyrir hluthafafund Origo hf.

1. desember 2022

1. Tillaga um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.

Stjórn Origo hf. leggur fram eftirfarandi tillögu um lækkun á hlutafé félagsins og greiðslu til hluthafa:

„Hluthafafundur Origo hf., haldinn 1. desember 2022 samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 435.000.000 í kr. 140.000.000, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 24.000.000.000. Lækkun hlutafjár fer fram á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nafnverð hlutafjár lækkar um kr. 295.000.000 en lækkunarfjárhæð sú sem umfram er, alls kr. 23.705.000.000, verður færð til lækkunar af öðrum eiginfjárreikningum.

Verði tillagan samþykkt mun kauphöll verða tilkynnt með sérstakri tilkynningu um framkvæmd lækkunar hlutafjár, þar með talið um viðmiðunardagsetningar varðandi réttindadag, réttindaleysisdag og áætlaðan greiðsludag. Er lækkunin háð þeim fyrirvara að félagini verði veitt undanþága frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Verður greiðsla innt af hendi eins fljótt og unnt er eftir að þeim fyrirvara hefur verið fullnægt.“

Hljóti tillagan samþykki hluthafafundar verður fjárhæð nafnverðs hlutafjár félagsins samkvæmt samþykktum breytt til samræmis, þannig að grein 2.1 í samþykktum félagsins hljóði eftirleiðis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 140.000.000.“

Greinargerð með tillögu um lækkun hlutafjár með útgreiðslu til hluthafa:

Stjórn Origo hf. leggur til við hluthafafund að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 295.000.000 að nafnverði, en að alls kr. 24.000.000.000 verði greiddar til hluthafa. Þeiri fjárhæð sem er umfram lækkun nafnverðs, alls kr. 23.705.000.000, verður ráðstafað af öðrum eiginfjárreikningum. Verði tillagan samþykkt lækkar nafnverð hlutafjár úr kr. 435.000.000 í kr. 140.000.000. Felur tillagan jafnframt í sér að nafnverð hlutafjár samkvæmt grein 2.1 í samþykktum félagsins breytist til samræmis við framangreinda tillögu um niðurfærslu.

Hinn 5. október sl. var tilkynnt um sölu félagsins á öllum eignarhlut sínum í Tempo Ultimate Parent, LLC (Tempo) og var söluandvirði eignarhlutarins samkvæmt kaupsamningi greitt að fullu til félagsins hinn 24. október sl. Fékk félagið greiddar í reiðufé 195 milljónir USD, eða um kr. 28 milljarða. Áætlaður söluhagnaður félagsins var um 156 milljónir USD, að teknu tilliti til bókfærðs virðis og kostnaðar vegna viðskiptanna.

Í tengslum við framangreinda tillögu sína, gerir stjórn ráð fyrir að:

- á bilinu kr. 24 til 26 milljarðar, af kr. 27,5 milljarða söluandvirði, verði greiddir til hluthafa,
- kr. 24 milljarðar verði greiddir í formi hlutafárlækkunar samkvæmt fyrilliggjandi tillögu stjórnar til hluthafafundar,
- kr. 500 milljónir af söluandvirðinu verði nýttar til stofnunar starfspróunar- og menntasjóðs þar sem ávöxtun verður nýtt til endurmenntunar núverandi og tilvonandi starfsmanna á sviði hugbúnaðarþróunar og nýsköpunar en stofnun sjóðsins verður kynnt nánar á boðuðum hluthafafundi,



- á bilinu kr. 1 til 3 milljarðar verði varið í hraðari styrkingu á tækniumhverfi félagsins, hraðari þróun á völdum hugbúnaðarvörum félagsins og mögulegri styrkingu á vöruruvali félagsins á vel skilgreindum kjarnasviðum þess í hugbúnaði (slík áætlun er nú unnin í samvinnu við stjórnendur félagsins og er gert ráð fyrir því að stjórn upplýsi um þær ráðstafanir í aðdraganda aðalfundar sem haldinn verður 9. mars 2023, mögulega samhlíða birtingu árshlutauppgjörs 4. ársfjórðungs (2. febrúar 2023)), og
- stjórn félagsins leggi fram tillögu á aðalfundi 2023 um úthlutun fjármuna til hluthafa að því er varðar þá fjármuni sem ekki hefur verið, eða verður, ráðstafað til styrkingar félagsins.

Eftir söluna á Tempo er lausafjárstaða félagsins afar sterk og eiginfjárlutfall um 83,96%. Það er mat stjórnar félagsins að rétt sé að færa hlutaféð niður og koma stærstum hlut þessa söluandvirðis til hluthafa félagsins.

Fjárhagsstaða félagsins verður eftir sem áður afar sterk og eiginfjárlutfall enn hátt eða tæplega 56,72%, verði tillaga stjórnar samþykkt. Er það mat stjórnar að eftir útgreiðslu lækkunararfjárhæðarinnar verði félagið mjög vel sett til þess að nýta og fjármagna þau vaxta- og verðmætasköpunartækifæri sem blasa við stjórnendum félagsins.

Þar sem fyrirvari er gerður um að fyrirtækjaskrá Skattsins veiti félaginu undanþágu frá innköllunarskyldu felur tillagan ekki í sér ákveðinn greiðsludag en tillagan er skýr um að greiðsla skuli innt af hendi svo fljótt sem auðið er eftir að fyrirvaranum hefur verið fullnægt. Þegar fyrirvaranum hefur verið fullnægt verður það tilkynnt til kauphallar og fyrirhugað er að í þeirri tilkynningu muni greiðsludagur, X-dagur og viðmiðunardagur verða tilgreindir, auk áréttið um hver verði síðasti viðskiptadagur hlutabréfa með réttindum til útgreiðslu.